



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Heiðarborg

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1.	Greinargerð leikskólastjóra	3
2.	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026	5
3.	Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	7
4.	Starfspróunarsamtöl.....	9
5.	Fræðsla almennt út frá umbótaáttum leikskólans	9
6.	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	9
7.	Foreldrasamstarf	10
8.	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	10
9.	Fylgiskjöl:	12
9.1	Innra mat yngri deilda (Brekka og Lundur) 2025-2026	12
9.2	Innra mat eldri deilda (Laut og Bali) 2025-2026.....	13
9.3	Umbótaáætlun yngri deilda 2026-2027	14
9.4	Umbótaáætlun eldri deilda	15
9.5	Umsögn foreldraráðs.....	17



1. Greinargerð leikskólastjóra

Haustið 2025 fór vel af stað. Við kvöddum elstu börnin okkar sem héldu á vit nýrra ævintýra í grunnskólanum og buðum nýjan hóp barna velkominn til okkar. Haustið er alltaf tími saknaðar, gleði og fagnaðar. Við kveðjum með söknuði börn sem eru að hætta en gleðjumst líka yfir nýju upphafi hjá þeim og tökum síðan með fögnuði á móti nýjum vinum. Við tókum á móti 25 börnum sem flest fóru á yngri deildirnar en nokkur á þær eldri.



Þetta haust var öðruvísi að því leitinu til að við gerðum deildirnar aldurshreinni. Ekki varð mikil breyting á yngri deildunum, þær eru enn með 1-2 ára og 2-3 ára en starfsfólkið á Brekku, þar sem yngstu börnin eru, færðist með börnunum yfir á Lund. Eldri deildirnar tvær, Laut og Bali, sem voru nákvæmlega eins, með sama barnafjölda og sömu þrjá árgangana, breyttust mest því nú eru 3-4 ára börn á Laut og 4-5 ára á Bala. Ýmsir kostir fylgdu þessum breytingum svo sem eins og markvissara skipulag þar sem aldursbreiddin er ekki eins mikil og áður, börnin meiri félagar og leika sér meira saman og meiri þéttleiki í elsta barnahópnum. Breytingunum fylgdu líka ýmsar áskoranir. Við þurftum að finna út hvernig við ætluðum að halda áfram með gott samstarf á milli deilda og mönnun vettvangsferða varð líka örlítið flóknari en áður. Öllum breytingum fylgja byrjunarörðugleikar og óvissa en allt tókst þetta þó að lokum með góðri samvinnu.



Skólaverkefninu okkar er núna formlega lokið og erum við alsæl að hafa fengið að taka þátt. Vinnustaðamenningin í Heiðarborginni breyttist til muna og eins og fram kom í síðustu starfsáætlun þá mældist mikil breyting í starfsmannakönnuninni „stofnun ársins“ þar sem við færðumst upp um mörg sæti og héldum við því áfram í ár. Mun meiri jákvæðni og gleði er í húsinu, aukin valdefling á meðal starfsfólksins, hjálpsemi og almenn umhyggja. Við ætlum ekki að slaka á en halda áfram upp á við. Þessi vinna er allveg örugglega að hjálpa okkur í þeirri áskorun sem við höfum staðið frammi fyrir allt þetta ár og tengist mikilli fjarveru starfsmanna og umbótum á húsnaði skólans með tilheyrandi riski.

Í lok ársins 2025 fengum við niðurstöður um mögulegan raka í leikskólabyggingunni sem yrði kannað nánar á nýju ári. Í upphafi árs var síðan haldið áfram að mæla með þeim mælitækjum sem tiltæk eru og á vormánuðum var farið af stað í viðgerðir. Gluggar hússins voru margir mjög illa farnir sem hefur hugsanlega hleypt rakanum inn. Engin kaffistofa er núna í húsinu en á bílplaninu okkar stendur þessi fíni gámur sem hefur fengið nafnið „Kaffihöllin“ og bíður starfsfólkið velkomið inn til sín í rólegheita og notalega kaffipásu.

Framundan er að fá rakafrían leikskóla og starfsfólkið til baka, halda áfram að skipuleggja samstarf milli deilda og innan hvers aldurshóps fyrir sig af fagmennsku og gera Heiðarborgina enn betri vinnustað fyrir fullorðna sem börn. Þá langar okkur að skerpa á uppeldisfræðilegum skráningum og samræma ferilmöppur barnanna þannig að hver deild sé með ákveðna þætti í möppunni og ekki sé lítið hjá sumum og mikið hjá öðrum.

Við viljum að leikskólinn Heiðarborg:

- sé eftirsóttur starfsstaður þar sem starfsfólkinu líður vel í vinnunni og sýnir fagleg vinnubrögð.
- sé eftirsóttur leikskóli þar sem börnunum líði vel, upplifi umhyggju og öryggi.
- sé eftirsótt samfélag með gott foreldrasamstarf þar sem ríkir traust og virðing milli allra aðila.

Áfram Heiðarborg

Jóhanna **Benný** Hannesdóttir
leikskólastjóri





2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat

Hvað var metið?	Breytingin á deildunum – hvernig gekk?
Hvernig fór matið fram?	Deildirnar svöruðu spurningarlista
Hverjir tóku þátt í matinu?	starfsmenn
Helstu niðurstöður mats	Breytingin kemur vel út og börnin leika meira saman en ekki var farið nógu vel eftir skipulagi sem gerði hlutina erfiðari í upphafi

Hvað var metið?	Upphaf og lok dags
Hvernig fór matið fram?	Endurmat haustannar - matslisti
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk deildanna
Helstu niðurstöður mats	Gengur vel í upphafi dags en hnökrar í lokin. Deildirnar ganga ekki nægileg vel frá á sínu svæði og það leggst á lokunarstarfsfólkið. Óróleiki í barnahópnum.

Hvað var metið?	Frjálsi leikurinn – er nægur tími?
Hvernig fór matið fram?	Endurmat haustannar - matslisti
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk deildanna
Helstu niðurstöður mats	Góður tími fyrir frjálsa leikinn yfir daginn.


Hvað var metið?	Upplýsingaflæðið – höfum við bætt það?
Hvernig fór matið fram?	spurningalisti
Hverjir tóku þátt í matinu?	starfsfólk
Helstu niðurstöður mats	Höfum náð að bæta okkur en megum ekki slaka á. Starfsfólk ber ábyrgð á því að lesa fundargerðir.



Ytra mat

Hvað var metið?	vinnustaðamenningin
Hvernig fór matið fram?	Rafræn könnun – stofnun ársins
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allt starfsfólk – 100% svörun
Helstu niðurstöður mats	Mjög góðar niðurstöður, hækkun á flestum sviðum, versta svörunin í spurningum um launakjör og vinnuskilyrði

Hér má sjá niðurstöður úr starfsmannakönnuninni „stofnun ársins“ og samanburð við Reykjavíkurborg og aðra leikskóla. Heiðarborg er neðsta línan og 5 er hæsta skor.





3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Brunavarnir
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Starfsfólk þekki verklagið þegar rýma þarf vegna elds og kunni að nota handslökkvitæki
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fá kennslu og æfingu frá slökkviliðinu um hvernig nota skal handslökkvitæki. Markvissar rýmingaræfingar
Ábyrgð	stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 – desember 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Skráð mæting á kennsluna hjá slökkviliðinu. Rýmingaræfingar skráðar í dagbækur.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	að 90% starfsmanna mæti á kennslu slökkviliðsins og að hver starfsmaður hafi að lágmarki tekið þátt í einni rýmingaráætlun

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Starfið í lok dags
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Skapa meiri ró og festu í lok dags þegar börnunum er skila inni.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skipta börnum og starfsfólki niður á deildirnar eftir vinnu- og dvalartíma, Dæmi: þau börn sem eru með vistun til 16.00 eru inni á Lundi með starfsfólki sem vinnur til 16.00
Ábyrgð	stjórnendateymi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst - október
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Metið með spurningarlistum á deildarfundi
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Ró komið í húsið í lok dagsins, börn og starfsfólk veit hvert þau eiga að fara.



**Stjórnun- uppeldis og menntastarf,
mannauður/leikskólabragur-
innra mat**

Umbótaþáttur/matsþáttur	Heyrnarskaði og raddheilsa
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Starfsfólk þekki áhættur fyrir heyrnarskaða og kunni að bregðast við. Starfsfólk kunni að beita röddinni rétt
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fá sérfræðing til að halda námskeið um heyrnarskaða, raddbeitingu og -heilsu
Ábyrgð	stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haustið 2026 – lok maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Skráð mæting á námskeiðið og spurningalistar á deildarfundum
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	90% starfsmanna mæti á námskeiðið og upplifi bættu raddheilsu í kjölfarið.





4. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtölin hófust seinni partinn í febrúar og stóðu yfir langt fram á vor. Rúmur tími var gefinn fyrir hvern starfsmann og fór spjallið fram inni í Rjóðri, herbergi sérkennslunnar. Starfsmenn fengu fundarboð í tölvupósti ásamt þeim lista sem notaður var í viðtalinu svo þeir gætu undirbúið sig. Leikskólastjóri sá um viðtölin að þessu sinni.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Á komandi skólaári viljum við efla okkur í brunavörnum. Ætlunin er að fá slökkviliðið til okkar á skipulagsdegi í haust til að leiða okkur í allan sannleikann um handslökkvitækin og hvernig á að nota þau til að slökkva eld. Í áhættumati Vinnueftirlitsins undir liðnum „Hávaði“ er spurt um hvort starfsfólk fái fræðslu um hávaðavarnir, heyrnaskaða, raddbeitingu og raddheilsu. Við höfum ekki staðið okkur í þessu og á næsta skólaári munum við fá fræðslu um almenna raddheilsu. Eins og kom fram í greinargerð leikskólastjóra langar okkur að efla okkur í uppeldisfræðilegum skráningum og koma betra skipulagi á ferilmöppur barnanna. Við munum því fá slíka fræðslu á haustmánuðum.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Ekki er komin tímasett áætlun fyrir næsta starfsár en miðað við síðastliðið ár gæti hún litið einhvern vegin svona út.

Dagsetning og tími	Viðburður	Staðsetning	Ábyrgð
Október 2026	Nemendur í 1.bekk heimsækja gamla leikskólann sinn	Heiðarborg	Grunnskólakennarar og deildarstjóri Bala
16. nóvember 2026	Nemendur í 5.bekk lesa fyrir börnin	Heiðarborg	Grunnskólakennarar
desember 2026	Elstu börnin fara í skólabókasafnið	Selásskóli	deildarstjóri Bala
janúar 2027	Elstu börnin heimsækja 1. bekk	Selásskóli	Grunnskólakennarar og deildarstjóri Bala
Febrúar/mars 2027	Elstu börnin fara í íþróttir	Selásskóli	deildarstjóri Bala
Mars/apríl 2027	Elstu börnin fara í tónmennt	Selásskóli	deildarstjóri Bala
maí 2027	skilafundur	Selásskóli	Grunnskólakennarar og deildarstjóri Bala



7. Foreldrasamstarf

Í Heiðarborginni er frábær hópur foreldra sem hefur staðið þétt við bakið á okkur í þeim erfiðu aðstæðum sem skólinn hefur gengið í gegnum þetta árið og á hann hrós skilið.

Síðastliðinn vetur kom einn pabbinn að máli við leikskólastjórann þar sem hann hafði áhyggjur af því ef rýma þyrfti húsið í mikilli frosthörku um miðjan vetur og börnin færu út á sokkaleistum og þunnum



bol. Foreldrafélagið kom inn í málið og gaf leikskólanum álteppi sem hægt væri að vefja um börnin ef þessar aðstæður koma upp.

Leikskólinn er samfélag barna, foreldra og starfsfólks og höfum við markvisst reynt að efla þetta samfélag. Eitt af því sem okkur langar að gera er að bjóða upp á samverustundir þar sem foreldrar geta til dæmis kubbað með börnunum eða spila með þeim. Þá væri líka hægt að bjóða upp á útileiki með foreldrum.

Í leikskólanum er starfandi foreldraráð og foreldrafélag. Í foreldraráðinu eru þrír fulltrúar foreldra valdir að hausti til eins árs í senn og í stjórn foreldrafélagsins eru fjórir foreldrar sem geta setið í stjórninni uns barnið/börnin þeirra hætta í skólanum.

Foreldraráðið fundar með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra tvisvar á ári og oftast ef þarf en stjórn foreldrafélagsins fundar eftir þörfum.

Foreldrafundir eru haldnir að morgni dags í október. Hver deild hefur sinn dag og fundar í um það bil klukkustund. Á fundunum kynnir viðkomandi deild þau kennslufni sem stuðst er við og segir frá því sem framundan er. Fulltrúar foreldraráðs og foreldrafélagsins kynna sig og segja frá verkefnum vetrarins. Að sjálfsögðu er boðið upp á spurningar og er þeim svarað eftir bestu getu.

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, að hausti og vori. Í haustviðtölunum, sem haldin eru í október/nóvember, móta kennari og foreldrar einstaklingsnámskrá barnsins og í viðtölunum sem haldin eru að vori (mars/apríl) er skoðað hvernig hefur gengið.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaársins 2026-2027 verða sex talsins. Sá fyrsti verður **mánudaginn 24. ágúst** þar sem við förum yfir EKKO stefnu leikskólans, fáum slökkviliðið til að fræða okkur um handslökkvitækin og kenna okkur á þau og undirbúum aðlögun barna.

Miðvikudaginn **30. September** er skipulagsdagur hjá öllum leik- og grunnskólum Austurmiðstöðvar. Þann dag munum við nýta okkur fræðslu menntakviku, fara yfir jafnréttisáætlun Heiðarborgar og fleiri ferla sem rifja þarf upp og jafnvel uppfæra.

Þriðji skipulagsdagurinn fyrir áramót verður **föstudaginn 27. nóvember**. Á þeim degi munum við leggja höfuðáherslu á uppeldisfræðilegar skráningar og ferilmöppur barnanna.

Fyrsti skipulagsdagur á nýju ári verður ekki fyrr en **5. febrúar** og verður sameiginlegur í öllum leik- og grunnskólum í hverfinu. Við stefnum á að fá námskeið í raddheilsu og -beitingu þann dag.





Svokallað menntastefnumót verður síðan á sameiginlegum skipulagsdegi **27. apríl** þar sem allt starfsfólk leik- og grunnskóla borgarinnar tekur þátt. Sjötti og jafnframt síðasti skipulagsdagurinn í Heiðarborg verður síðan **mánudaginn 31. maí** og verður tekinn undir endurmat og skipulagningu.

Leikskóladagatalið okkar fyrir næsta skólaár lýtur þá svona út:

Leikskóladagatal 2026 - 2027											
Nafn leikskóla: Heiðarborg											
AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F	1 M	1 F	1 F	1 L	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 S	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M	5 Þ	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 L	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 L	9 S	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 L
11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 M	11 F	11 S
12 L	12 M	12 Þ	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 M	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ
14 F	14 M	14 F	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 L	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M	16 F	16 M	16 L	16 S	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 L
18 Þ	18 M	18 F	18 M	18 F	18 S	18 Þ	18 Þ	18 S	18 M	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 S	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 F	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 M	22 M	22 L	22 F	22 M	22 F
23 S	23 M	23 F	23 M	23 L	23 S	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 F
24 M	24 F	24 L	24 F	24 M	24 F	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 L
25 Þ	25 S	25 M	25 F	25 L	25 S	25 Þ	25 Þ	25 F	25 S	25 F	25 S
26 M	26 L	26 F	26 M	26 F	26 S	26 Þ	26 Þ	26 M	26 F	26 L	26 M
27 F	27 S	27 M	27 F	27 L	27 S	27 M	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 F	28 S	28 Þ	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M	29 L	29 L	29 Þ	29 F
30 S	30 F	30 M	30 F	30 L	30 S	30 Þ	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F
31 M	31 L	31 F	31 M	31 F	31 S	31 M	31 M	31 L	31 M	31 F	31 L



9. Fylgiskjöl:

9.1 Innra mat yngri deilda (Brekka og Lundur) 2025-2026

Styrkleikar (umbótaþættirnir, sem unnið var með, eru feitletraðir).

Börnin á báðum deildum eru orðin mjög **sjálfstæð** og geta nú lagt á borð og gengið frá eftir sig. Þau kunna að skammta sér sjálf í réttu hlutfalli við hungrið þar sem þau kunna að hlusta á magann sinn. Í nónhressingunni eru flest þeirra komin með færnina að smyrja og kunna að biðja um hjálp ef þau þurfa þess. Börnin átta sig almennt á hvernig best er að klæða sig eftir veðri og eru fullfær um að klæða sig sjálf í flestan fatnað. Eldri börnin kunna að flokka rusl og það hefur líka skilað sér heim.

Umbótaþættinum tellst lokið.

Starfsfólk fékk Blæ námskeið á starfsdegi sem það nýtti síðan í **betri Blæstundir með börnunum**. Þessi börn eru að sýna meiri samúð, samkennd og samhyggju en fyrri árgangar. Þau eru mun líklegri til að biðjast fyrirgefningar, hugga hvort annað og nota orðin sín í stað þess að gráta eða öskra. Mikil vinátta ríkir innan hópsins og þá eru eldri börnin komin með færnina í að nefna og tala um tilfinningar sínar og vita hvaða áhrif tilfinningarnar hafa á þau sjálf.

Börnin fengu að **umgangast sinn árgang**, sem var skipt niður milli deildanna tveggja. Farið var af stað með hópastarf eftir áramót sem gekk vonum frammar en hefði mátt vera betra. Starfsfólkið stóð sig með þrýði en eitthvert óöryggi gerði þó vart við sig sem mun væntanlega vera minna á næsta ári þar sem smá reynsla er komin í bankann.

Tækifæri

Sjálfefling barnanna gekk vonum frammar og ætlum við að halda okkur við þá hluti sem við gerðum svo vel í vetur. Sum barnanna voru reyndar áhugalaus, vildu lítið taka þátt og var ekki ýtt á þau. Hægt væri að hvetja þau til þátttöku, en þó á sínum forsendum, í von um aukna sjálfeflingu þegar líður á veturinn.

Í tengslum við **Blæ** væri gott að hafa fleiri tilfinningarspjöld uppi við ásamt tilfinningaskalanum, grípa tækifæri hér og þar yfir daginn til að hafa smá tilfinningastund. Tala mætti um flóknari tilfinningar nú þegar grunnurinn er svona góður.

Börnin fá áfram að **umgangast allan árganginn** því stefnt er að því að deildirnar vinni enn betur saman. Við lærðum hversu stóran hóp best er að vinna með, hvernig best er að skipta um stöðvar og hversu langan tíma þarf. Ekki fékkst mikil reynsla, en það mun bætast í reynslubankann á næsta vetri.

9.2 Innra mat eldri deilda (Laut og Bali) 2025-2026

Styrkleikar (umbótaþættirnir, sem unnið var með, eru feitletraðir)

Heilt yfir er **þátttaka barnanna** mikil í starfinu, þau eru veðurfræðingar, þjónar, samverustjórar og fataklefastjórnar. Þá fá þau að koma með sínar hugmyndir, færa til og breyta. Þetta árið reyndum við að efla þátttöku barnanna enn meir með nýjum hlutverkum eins og umhverfisfræðingi og trúnaðarmanni sem gekk ekki alveg sem skildi og munum við halda því áfram.

Starfsfólk heldur vel utan um **skráningar** úr ferðum og mikilvægum dögum en annað ekki. Það sýnir verkefninu mikinn áhuga og nám barnanna hefur verið sýnilegt á veggjum leikskólans. Við viljum samt efla þennan þátt enn frekar með fræðslu fyrir allt starfsfólkið.

Starfsmenn deildarinnar hafa **nýtt tækifæri sem umhverfið býður upp á** og eru vel meðvitaðir um að skoða það sem er í boði. Skynjun í hópastarfi hefur ýtt verulega undir þetta markmið þar sem notaður er ýmis verðlaus efniviður, svo sem eins og skeljar, korktappar, steinar og ull. Þessum umbótaþætti er lokið.

Þemavinnan hefur gengið ótrúlega vel. Allir starfsmenn eru virkir og börnin eru að njóta sín. Þau hafa sýnt verulegan áhuga á því þema sem við höfum haft og starfsmenn notið sín í þessum umbótaþætti sem telst lokinn.

Samverustundirnar eru skemmtilegri. Það er oftast en ekki búið að skipuleggja einhverjar umræður og **börnin sitja yfirleitt kyrr og hlusta á þann sem hefur orðið**. Það þarf ekki að hafa þennan þátt áfram í umbótaáætluninni.

Útinámið gekk mjög vel fyrir áramót en ákveðnir örðugleikar komu í veg fyrir það eftir áramót. Gögn, sem til eru í leikskólanum, voru sjaldnast notuð og viljum við gera betur á næsta ári.

Tækifæri

Ekki tókst nægilega vel til með nýju hugmyndirnar varðandi **þátttöku barnanna** en við gefumst ekki upp. Á næsta ári viljum við ýta enn frekar undir þátttöku barnanna og gefa þeim meiri ákvörðunarvald á hönnun umhverfisins.

Ýmsir örðugleikar komu því miður í veg fyrir **skráningar á leik barnanna**. Nám barnanna var sýnilegt en mætti þó gera mun betur í þeim efnum og munum við halda áfram að vinna í þessum markmiðum.

Við viljum efla **útinámið** enn frekar á næsta skólaári með því að skipuleggja betur fram í tímann svo starfsmenn viti hvar gera skal hverju sinni. Þá verður útinámið væntanlega hluti af hópastarfinu sem verkefnastjórinn skipuleggur.

9.3 Umbótaáætlun yngri deilda 2026-2027

Brekka og Lundur			
Umbótaþáttur/matsþáttur	Nýta bambahúsið allt árið um kring	Hópastarf milli Lundar og Brekku	Tilfinningar í öðru veldi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Nýta bambahúsið betur. Efla börnin í umhverfisfærni.	Börn á sama aldri umgangist hvert annað meira og þeim sé kennt sama námsefni sem hentar þeirra aldri.	Börn séu með meira tilfinningalæsi. Þekkja eigin tilfinningar og annarra og geta brugðist rétt við.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vor og sumar fari fram sáning og ræktun sem börnin taka þátt í. Haust og vetur verði samverustundir, lubbastundir, blæstundir, o.fl. í húsinu ásamt ræktun á vetrargrænmeti.	Skipuleggja hópastarf mikið betur svo hver starfsmaður viti hvað gera skal. Búa til stundatöflu.	Vinna á sama hátt og í fyrra en hafa fleiri tilfinningaspjöld uppi við og búa til námsefni um tilfinningar. Nýta hvert tækifæri sem gefst til að tala um tilfinningar.
Ábyrgð	Bambanefndin	Deildarstjórar undirbúningsvinnuna, starfsmenn framkvæmdina	Deildarstjórar með hjálp frá starfsfólki deildanna.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2026 - ágúst 2027	Miðjan janúar 2027 – júní 2027	Október 2026 – júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Umræður á bambafundum, deildarfundum og samræður milli deilda.	Samtal milli starfsfólks. Umræður á sameiginlegum deildarfundum.	Taka umræður á deildarfundum.
Viðmið um árangur	Verkefnavinna með börnunum, notkun á bambahúsinu.	Að það verði 70% af skipulögðu hópastarfi.	Að börn þekki og geti lagt orð á tilfinningar sínar. Að börnin séu komin með grunnfærni í að vinna rétt úr tilfinningum sínum.



9.4 Umbótaáætlun eldri deilda

Bali og Laut				
Umbótapáttur/matspáttur	Stærðfræði	Skráningar	Útinám	Pátttaka barna
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Efla stærðfræðikunnáttu barnanna í gegnum leik	Efla virkni starfsfólks í að gera faglegar og flottar skráningar í ferilmöppur barnanna.	Skipuleggja útinámið fram í tímann svo allir viti hvað gera skal.	Efla þátttöku barna í ákvarðanatökum og hönnun umhverfisins
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Undirbúa leiki og þemu tengd stærðfræði.	Kenna starfsfólki að gera skráningar á verkefnum og leik barnanna. Að nám barnanna verði sýnilegt í ferilmöppum og á veggjum skólans	Starfsmenn gera mánaðarplan í undirbúningi fyrir útinám	Skoða fleiri hlutverk sem börnin gætu haldið utan um (s.s. umhverfisfræðingur, trúnaðarmaður)
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildarinnar.	Deildarstjórar undirbúningsvinnuna, allir starfsmenn framkvæmdina	Verkefnastjóri útináms og starfsmenn deilda	Allir starfsmenn deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – júní 2027	September 2026 – júní 2027	September 2026 – maí 2027	September 2026 – júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Með spjalli á deildarfundum og viðtali við börnin (athugun í gegnum leik).	Fara yfir skráningarnar á deildarfundum.	Prenta út mánaðarplönin og ræða á deildarfundum hvort við séum að ná að gera það sem við plönum.	Á deildarfundum í lok haust- og vorannar
Viðmið um árangur	Þegar starfsmenn upplifa að börnin séu að ná utan um efnið	Þegar nám barna verður sýnilegra á veggjum leikskólans og í ferilmöppum	Að í flestum tilfellum sé farið eftir skipulagi og verkefni eru tekin með í útinám.	Þegar starfsfólk upplifir að börnin séu örugg með að tjá hugmyndir sínar og hugsanir og þau sýni sjálfstæði í ákvarðanatökum.





29. maí 2026

F. h. Heiðarborgar

Jóhanna Benný Hannesdóttir

Leikskólastjóri





9.5 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027 Heiðarborg

Umsögn foreldraráðs



Foreldraráð leikskólans skipa:

Karen Ósk Jónsdóttir
Marta Malgorzata Kancyr
Sævar Ingþórsson





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Foreldraráð Heiðarborgar hefur farið yfir starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2026–2027. Að mati ráðsins er starfsáætlunin vel fram sett, aðgengileg og auðlæsileg. Hún gefur góða innsýn í starf leikskólans, áherslur hans og þau verkefni sem unnið hefur verið að á liðnu skólaári, sem og þau umbótaverkefni sem framundan eru.

Við teljum að áherslur starfsáætlunarinnar samræmist almennt vel starfi leikskólans síðasta árs. Í skjalinu er fjallað á opinskáan hátt um þær áskoranir sem leikskólinn hefur staðið frammi fyrir, meðal annars vegna mönnunarvanda og framkvæmda tengdum húsnæði. Okkur finnst jákvætt að fjallað sé hreinskilningslega um þessi mál og að fram komi skýr vilji til að vinna áfram að lausnum.

Mönnunarvandi hefur þó haft umtalsverð áhrif á daglegt starf og fjölskyldulíf foreldra, sérstaklega þegar börn hafa þurft að vera heima vegna manneklu. Foreldraráð leggur því áherslu á að áfram verði unnið markvisst að stöðugleika í mönnun og að foreldrar fái áfram góðar og tímanlegar upplýsingar þegar rask verður á starfsemi.

Viðfögnum því að tekið sé á húsnæðismálum og rakamálum leikskólans og teljum mikilvægt að þeirri vinnu verði haldið áfram af festu. Jákvætt er að þessi mál séu rædd í starfsáætluninni og að fram komi skýr framtíðarsýn um að skapa gott, öruggt og heilsusamlegt umhverfi fyrir börn og starfsfólk.

Að okkar mati hefur upplýsingaflæði frá leikskólanum verið gott. Vikulegir póstar með upplýsingum um það sem börnin hafa verið að gera, ásamt stuttri áætlun um það sem framundan er, eru gagnlegir og styrkja tengsl heimilis og leikskóla, og hvetjum til þess að þessu góða verklagi verði haldið áfram.

Foreldraráð tekur jákvætt í þær áherslur sem fram koma um foreldrasamstarf. Hugmyndir um samverustundir foreldra og barna, til dæmis í leik, spilum eða útiveru, geta styrkt samfélag leikskólans enn frekar, svo lengi sem þátttaka foreldra sé á léttum og valfrjálsum nótum og börnin upplifi slíkar stundir sem ánægjulegar.

Við teljum jákvætt að áfram sé unnið að aldurshreinni deildum og markvissara starfi innan árganga. Slíkt getur sérstaklega nýst elstu börnunum vel, þar sem jafnaldrar fá aukið tækifæri til að mynda sterkari hóp, jafnvel þó að hópurinn skiptist á endanum að megninu til í tvo skóla. Við leggjum þó til





að skoða mætti hvort börn í næstelsta hópnum gætu einnig fengið aukin tækifæri til að vera saman þvert á deildir, þannig að jafnaldrar geti betur leikið og starfað saman.

Sérstaklega viljum við hrósa áherslu leikskólans á útinám. Útinám er mikilvægt, bæði fyrir hreyfingu, vellíðan, sjálfstæði og tengsl barna við umhverfi sitt. Við hvetjum leikskólann til að efla útinám enn frekar og nýta útiveru sem mest, einnig þegar veður er ekki fullkomið — enda eru börn vel fær um að njóta sín úti í fjölbreyttu veðri þegar þau eru rétt klædd.

Að lokum viljum við lýsa ánægju með starfsáætlunina í heild. Hún ber með sér metnað, fagmennsku og vilja til umbóta. Við styðjum þær áherslur sem þar koma fram og hvetjum stjórnendur og starfsfólk til að halda áfram því góða starfi sem unnið er í Heiðarborg, með áframhaldandi áherslu á vellíðan barna, stöðugleika í starfsemi, gott upplýsingaflæði og öflugt samstarf heimilis og leikskóla

Fulltrúar í foreldraráði:

Karen Ósk Jónsdóttir

Marta Malgorzata Kancyr

Sævar Ingbórsson





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní**. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; [6](#)





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



